



LANDSBANKINN HF. | KT. 471008-0280 | LANDSBANKINN.IS

Stjórnarhátta- yfirlýsing fyrir árið 2023

1. febrúar 2024



Góðir stjórnarhættir Landsbankans leggja grunn að traustum samskiptum hluthafa, bankaráðs, stjórnenda, starfsfólks, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila og stuðla að hlutlægni, heilindum, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun bankans. Landsbankinn fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti og birtir árlega yfirlýsingu í sérstökum kafla í ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir stjórnarháttum bankans.

1. Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða ber að fylgja samkvæmt lögum og upplýsingar um það hvar slíkar reglur eru aðgengilegar almenningi

Samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, ber bankaráð Landsbankans ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag bankans stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn hans, aðskilnaði starfa og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra. Samkvæmt sömu lagagrein skal bankaráð árlega endurmeta stjórnarhætti sína og bregðast við annmörkum sem koma í ljós.

Samkvæmt 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, skal Landsbankinn fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu. Bankanum ber jafnframt að gera grein fyrir stjórnarháttunum á vefsíðu sinni.

Landsbankinn fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Leiðbeiningarnar, sem tóku gildi 1. júlí 2021 (6. útg), eru aðgengilegar á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands, <http://leidbeiningar.is> (hér á eftir „leiðbeiningarnar“).

Þessi kafla ársskýrslunnar inniheldur stjórnarháttayfirlýsingu Landsbankans (hér eftir „yfirlýsingin“) og fylgir hún þeirri framsetningu efnisatriða sem leiðbeiningarnar kveða á um.

2. Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Landsbankinn uppfyllir ákvæði leiðbeininganna að því frátöldu að ekki hefur verið sett sérstök stefna um fjölbreytileika í tengslum við stjórn, framkvæmdastjórn og æðstu stjórnendur. Þetta er útskýrt nánar í 5. gr. yfirlýsingarinnar. Að því er varðar ákvæði leiðbeininganna um tilnefningarnefnd, ber að geta þess að hluthafafundur hefur ekki skipað tilnefningarnefnd þar sem tilnefningar allra bankaráðsmanna falla undir ákvæði 7. gr. laga nr. 88/2009, um Bankasýslu ríkisins. Í samræmi við 7. mgr. 53. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, starfrækir Landsbankinn því ekki tilnefningarnefnd.

3. Annars konar reglur og viðmið sem einnig er farið eftir og eiga sérstaklega við um þá tegund rekstrar sem félagið stundar

Um starfsemi Landsbankans gilda lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, reglur og tilmæli Seðla-banka Íslands og ýmis önnur lagaákvæði um fjármálamarkaði. Bankinn tekur jafnframt í starfsemi sinni mið af viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2021/05), sbr. 16. gr. reglugerðar ESB nr. 1093/2010 sem lögfest var á Íslandi með lögum nr. 24/2017, um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar á vefsíðu fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (<https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/ees-vidmidunarreglur/eba/nr/3909>).

4. Helstu þættir áhættustjórnunar og innra eftirlits

Árangursrík áhættustjórnun er ein af forsendum langtímaarðsemi og stöðugleika í rekstri bankans. Í áhættustjórnun felst greining, mat og stýring á áhættuþáttum í rekstri bankans og að bankinn hafi skilvirkt skipulag til að mæta áhættu. Miðlun upplýsinga um áhættu til stuðnings ákvarðanatöku er jafnframt lykilþáttur skilvirkrar áhættustjórnunar.

Innra eftirlit á að stuðla að því að bankinn nái markmiðum sínum varðandi afkomu, áhættuvilja og áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar og að bankinn hlíti gildandi lögum og reglum. Greining á virkni innra eftirlits felur í sér skoðun á eftirlitsumhverfi bankans, áhættustjórnun, eftirlitsaðgerðum, upp-lýsingum, samskiptum og stjórnendaeftirliti.

Bankaráð samþykkir áhættustefnu, áhættuvilja og framkvæmd áhættustýringar. Bankaráð ber jafn-framt ábyrgð á að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits ásamt því að þróa og innleiða trausta áhættu-menningu innan bankans.

Tvær undirnefndir bankaráðs sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir bankaráð á sviði áhættu-stjórnunar og innra eftirlits sem nánar er lýst í starfsreglum þeirra. Áhættunefnd bankaráðs fjallar með reglubundnum hætti um málefni tengd innra eftirliti og áhættustjórnun. Þá fjallar Endurskoð-unarnefnd reglubundið um reikningsskil bankans og leggur mat á innra eftirlitskerfi hans.

Nánari lýsing á áhættustjórnun bankans er að finna í sérstakri áhættuskýrslu á vef bankans.¹

Framkvæmd innra eftirlits má aðgreina eftir eðli þess og því hverjir framkvæma það.

Fyrsta stigs eftirlit er á ábyrgð stjórnenda starfseininga en þeim ber að tryggja að áhættustjórnun og innra eftirlit sé órjúfanlegur hluti af daglegri starfsemi bankans. Stjórnendur skulu með virkum og reglubundnum hætti greina og meta þá áhættu sem steðjar að starfseminni sem þeir bera ábyrgð á. Stjórnendur skulu leggja mat á hvort breytingar í rekstrarumhverfi bankans feli í sér tækifæri eða ógn fyrir viðkomandi starfsemi, hanna eftirlitsaðgerðir í ferla, innleiða aðgerðirnar, vakta þær og upplýsa um virkni þeirra.

Annars stigs eftirlit er á ábyrgð Áhættustýringar og Regluvörslu sem viðhafa áhættumiðað innra eftirlit með því að stjórnendur og starfsfólk starfi í samræmi við þær stefnur, reglur og ferla sem bankinn hefur sett sér. Þessar einingar, ásamt Lögfræðipjónustu, taka þátt í að móta og innleiða stefnur og aðferðafræði á sviði innra eftirlits til samræmis við stefnumörkun bankans.

Þriðja stigs eftirlit er á ábyrgð Innri endurskoðunar sem er óháð eftirlitseining. Hlutverk hennar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf, sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur bankans. Innri endurskoðun skal með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum staðfesta virkni bæði fyrsta og annars stigs eftirlits, veita ráðgjöf um það sem betur má fara og þannig leggja mat á og bæta virkni áhættustjórnunar, eftirlitsaðgerða og stjórnarháttanna bankans.


¹ <https://www.landsbankinn.is/bankinn/fjarfestatengsl/skyrslur-og-uppgjor>

5. Lýsing á stefnu félagsins um fjölbreytileika í tengslum við stjórn, framkvæmdastjórn og æðstu stjórnendur

Samkvæmt lögum skal stjórn Bankasýslu ríkisins skipa sérstaka þriggja manna valnefnd sem tilnefnir aðila fyrir hönd ríkisins til setu í bankaráði. Valnefndin skal tryggja að í bankaráði sitji sem næst jafnmargar konur og karlar. Valnefndin starfar samkvæmt starfsreglum þar sem fram koma þau viðmið sem nefndin styðst við í mati sínu á hæfni, menntun og reynslu einstaklinga sem til greina koma til setu í bankaráði. Í starfsreglunum kemur fram að nefndin skal tilnefna bankaráðsmenn sem hafa fjölbreyttan bakgrunn hvað varðar menntun og hæfni. Nefndin skal gæta að heildaryfirbragði og reyna að tryggja að stjórnir fjármálafyrirtækja verði ekki of einsleitar.

Mannauðsstefna Landsbankans fjallar um fjölbreytni og samvinnu starfsfólks. Þar kemur fram að bankinn býður upp á eftirsóknarverðan vinnustað þar sem öll hafa jöfn tækifæri til starfsþróunar og hver einstaklingur er metinn að verðleikum. Mismunur byggð á kyni, kynþætti, kynhneigð, trúarbrögðum eða þjóðerni er aldrei liðin.

Landsbankinn hefur því ekki sett sér sérstaka stefnu um fjölbreytileika bankaráðs, framkvæmdastjórnar og æðstu stjórnenda bankans með tilliti til þátta á borð við aldur, kyn eða menntunarlegan og faglegan bakgrunn.



6. Samsetning og starfsemi bankaráðs, undirnefnda bankaráðs og framkvæmdastjórnar

Bankaráð er skipað sjö einstaklingum og tveimur til vara. Bankaráð er kosið á aðalfundi og er kjörtímabil bankaráðsmanna eitt ár. Við kjör bankaráðsmanna skal stefnt að því að kynjahlutfall sé sem jafnast og leitast við að tryggja að bankaráð sem heild hafi yfir að ráða góðri þekkingu á bankastarfsemi. Formaður er kosinn sérstaklega á aðalfundi, en bankaráðsmenn kjósa varaformann. Bankaráð Landsbankans fer með æðsta vald í málefnum bankans á milli hluthafafunda. Bankaráð ber ábyrgð á starfsemi bankans og stefnumótun sem og áhættustefnu og að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits. Bankaráð hefur yfirumsjón með því að starfsemi bankans og rekstur sé í samræmi við lög, samþykktir bankans og aðrar reglur sem um starfsemina gilda. Bankaráð hefur einnig með höndum

almennt eftirlit með rekstri bankans og sér til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Í starfsreglum sem bankaráð setur sér er kveðið nánar á um störf bankaráðs.

Fjórar undirnefndir starfa á vegum bankaráðs: Endurskoðunarnefnd, Áhættunefnd, Starfskjaranefnd og Sjálfbærnnefnd. Hlutverk nefndanna er m.a. að undirbúa umfjöllun bankaráðs á tilteknum starfs sviðum og annast nánari athugun á málum sem þeim tengjast í samræmi við starfsreglur sínar.

Bankaráð ræður bankastjóra og innri endurskoðanda. Bankastjóri ræður aðra daglega stjórnendur bankans. Svið bankans eru sjö talsins: Einstaklingssvið, Fyrirtækjasvið, Eignastýring og miðlun, Áhættustýring, Fjármál, Upplýsingatækni og Samskipti og menning. Hverju sviði er stýrt af framkvæmdastjóra og sameiginlega mynda þeir framkvæmdastjórn með bankastjóra. Þá heyra stjórnendur Skrifstofu bankastjóra, Lögfræðipjónustu og Regluvörslu beint undir bankastjóra. Innri endurskoðandi heyrir undir bankaráð.

Framkvæmdastjórn Landsbankans er vettvangur samráðs og ákvarðanatöku af hálfu bankastjóra og framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjórn annast framkvæmd stefnumótunar og skal sjá til þess að rekstur bankans sé í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma. Bankastjóri hefur auk þess skipað fjórar þverfaglegar fastanefndir með það að markmiði að tryggja samstarf og framkvæmd á stefnu bankans: Lánanefnd, Áhættu- og fjármálanefnd, Rekstraráhættunefnd og Verkefnanefnd. Á vegum nefndanna eru starfandi undirhópar og teymi sem fjalla um afmörkuð viðfangsefni.

7. Fyrirkomulag skipunar nefndarmanna tilnefningarnefndar

Í samræmi við 7. mgr. 53. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, starfrækir Landsbankinn ekki tilnefningarnefnd þar sem tilnefningar allra bankaráðsmanna falla undir ákvæði laga um Banksýslu ríkisins.

8. Fyrirkomulag skipunar nefndarmanna undirnefnda bankaráðs

Bankaráð skipar nefndarmenn í undirnefndir. Fyrirkomulag skipunar nefnda á árinu 2023 var sem hér segir: Endurskoðunarnefnd er skipuð þremur bankaráðsmönnum og einum utanaðkomandi nefndarmanni sem hefur sérþekkingu á sviði reikningsskila og endurskoðunar. Áhættunefnd og Starfskjaranefnd eru skipaðar þremur bankaráðsmönnum hvor. Sjálfbærnnefnd er ný undirnefnd bankaráðs og er hún skipuð fjórum bankaráðsmönnum.

9. Upplýsingar um fjölda bankaráðsfunda, funda undirnefnda og mætingu

Á árinu 2023 hélt bankaráð Landsbankans 24 fundi. Haldnir voru 9 fundir í Endurskoðunarnefnd, 10 í Áhættunefnd, 9 í Starfskjaranefnd og 6 í Sjálfbærnnefnd. Meðfylgjandi tafla sýnir mætingu á fundina.

	Starfstími 2023	Bankaráð	Endurskoð- unarnefnd	Áhættu- nefnd	Starfskjara- nefnd	Sjálfbærni- nefnd
Fjöldi bankaráðs- og nefndafunda á árinu		24	9	10	9	6
Bankaráð						
Helga Björk Eiríksdóttir, formaður	01.01 - 31.12	24			9	
Berglind Svavarsdóttir	01.01 - 31.12	22		8	4	
Elín H. Jónsdóttir	01.01 - 31.12	23		10		6
Guðbrandur Sigurðsson	01.01 - 31.12	23		10		
Guðrún Blöndal	01.01 - 31.12	24	9		9	6
Helgi Friðjón Arnarson	01.01 - 31.12	22	8			6
Þorvaldur Jacobsen	01.01 - 31.12	23	9		3	6
Sigríður Olgeirsdóttir, varamaður	01.01 - 31.12	4				
Sigurður Jón Björnsson, varamaður	01.01 - 31.12	4				
Endurskoðunarnefnd						
Hjörleifur Pálsson	01.01 - 31.12		9			

10. Starfsreglur bankaráðs og undirnefnda

Starfsreglur bankaráðs má finna á vefsíðu Landsbankans.² Sérstakar starfsreglur hafa jafnframt verið gefnar út fyrir Endurskoðunarnefnd, Áhættunefnd, Starfskjaranefnd og Sjálfbærninefnd og þær má einnig finna á vefsíðu bankans.

11. Upplýsingar um bankaráðsmenn

Bankaráðsmenn eru eftirtaldir:

Aðalmenn

Helga Björk Eiríksdóttir Formaður

Helga Björk Eiríksdóttir er fædd árið 1968. Helga Björk starfar á sviði fasteignapróunar og ráðgjafar. Hún var áður fjárfesta- og almannatengill hjá Marel ásamt því að gegna formennsku í stjórn Sparisjóðs Svarfdæla. Helga Björk er með MBA-gráðu frá Edinborgarháskóla. Hún útskrifaðist með BA-gráðu í ensku og ítölsku frá Háskóla Íslands 1997 og lauk prófi í hagnýtri fjölmiðlun frá sama skóla 1999. Helga Björk lauk prófi í markaðs- og útflutningsfræði frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 2002 og hefur lagt stund á verðbréfavíðskiptanám við Háskólann í Reykjavík. Á árunum 2010-2012 starfaði hún við sjálfstæða ráðgjöf. Hún hafði umsjón með samskiptamálum fyrir skilanefnd og slitastjórn Kaupþings hf. á árunum 2009 og 2010. Áður starfaði Helga Björk m.a. sem markaðs- og kynningarstjóri Nasdaq OMX kauphallarinnar á Íslandi um átta ára skeið. Helga Björk hefur einnig starfað við fjölmiðla, sinnt ýmsum öðrum störfum og var lengi starfsmaður Sparisjóðs Svarfdæla á Dalvík. Helga Björk var kjörin í bankaráð Landsbankans í apríl 2013. Hún er formaður bankaráðs ásamt því að gegna formennsku í Starfskjaranefnd.

² <https://www.landsbankinn.is/bankinn/um-bankann/stefna-og-skipulag/bankarad>

Berglind Svavarsdóttir
Varaformaður

Berglind Svavarsdóttir er fædd árið 1964. Hún er hæstaréttarlögmaður og meðeigandi hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur. Berglind lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands árið 1989, öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1995 og sem hæstaréttarlögmaður árið 2008. Berglind er með diplóma í stjórnun frá Háskólanum á Akureyri 2006. Hún starfaði hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins á árunum 1988-1989 og sýslumanninum á Húsavík 1990-1996. Frá þeim tíma hefur hún rekið lögmannsstofu, ýmist ein eða í samstarfi við aðra. Berglind hefur gegnt ýmsum stjórnar- og trúnaðarstörfum. Hún sat í stjórn Lögmannafélags Íslands á árunum 2015-2021, þar af sem formaður um þriggja ára skeið. Þá sat hún í slitastjórn SPB hf. 2009-2016. Hún er formaður úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar og formaður úrskurðarnefndar kosningamála. Berglind var kjörin í bankaráð í apríl 2016 og er varaformaður bankaráðs.

Elín H. Jónsdóttir
Bankaráðsmaður

Elín H. Jónsdóttir er fædd árið 1966. Hún er lektor og fagstjóri MBL námslínu við lagadeild Háskólans á Bifröst. Elín lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands 1993 og LL.M. gráðu frá lagadeild Duke-háskóla 1996. Þá lauk hún MBA-prófi frá Stockholm School of Economics 2018 og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Hún starfaði við verðbréfamarkaðseftirlit hjá Fjármálaeftirlitinu á árunum 2001-2005, sem framkvæmdastjóri verðbréfafyrirtækisins Arev frá 2005-2009, sem forstjóri Bankasýslu ríkisins 2010-2011 og sem framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs Íslandsbanka 2014-2017. Auk þess hefur hún sinnt ráðgjafarstörfum og kennslu. Hún hefur setið í stjórnum ýmissa fyrirtækja, meðal annars sem stjórnarformaður Regins fasteignafélags, Tryggingamiðstöðvarinnar og Borgunar, en auk þess m.a. átt sæti í stjórn Promens, Icelandair og Skeljungs. Þá sat Elín í stjórn Kvennaathvarfsins á árunum 2013-2020 og var stjórnarformaður byggingarfélags Kvennaathvarfsins 2017-2022. Hún var kjörin í bankaráð í mars 2021 og er formaður Sjálfbærniefndar.

Guðbrandur Sigurðsson
Bankaráðsmaður

Guðbrandur Sigurðsson er fæddur árið 1961. Hann er framkvæmdastjóri Brynju leigufélags. Guðbrandur lauk BSc-prófi í matvælafræði 1985 og MBA-prófi frá Edinborgarháskóla 1994. Hann starfaði hjá Íslenskum sjávarafurðum og forverum þess á árunum 1985-1996 og var ráðinn einn af framkvæmdastjórum félagsins við stofnun þess árið 1991. Þá gegndi hann starfi framkvæmdastjóra hjá ÚA og Brimi 1996-2004. Á árunum 2005-2008 var hann framkvæmdastjóri MS, framkvæmdastjóri Nýlands ehf. 2008-2010 og framkvæmdastjóri Plastprents hf. 2010-2012. Hann var síðan framkvæmdastjóri endurskoðunarfyrirtækisins PwC á Íslandi 2013-2016, framkvæmdastjóri Heimavalla hf. 2016-2019 og framkvæmdastjóri Borgarplasts ehf. 2019-2021. Guðbrandur hefur setið í stjórnum ýmissa fyrirtækja og samtaka á sínum starfsferli, meðal annars BL hf., Haga hf. og Reita hf. Hann situr nú í stjórn Talnakönnunar hf. Guðbrandur var kjörinn í bankaráð í apríl 2019 og gegnir formennsku í Áhættunefnd.

Guðrún Ó. Blöndal
Bankaráðsmaður

Guðrún Ó. Blöndal er fædd árið 1960. Hún lauk cand.oecon. prófi frá Háskóla Íslands árið 1990. Guðrún starfaði hjá Kaupþingi á árunum 1984-2002, fyrst á sviði eignastýringar, en síðar sem markaðsstjóri, starfsmannastjóri og forstöðumaður vörsludeildar til ársins 2002. Hún var framkvæmdastjóri Arion verðbréfavörslu, dótturfélags Kaupþings, frá stofnun árið 2002 þar til það sameinaðist Arion banka árið 2012. Guðrún hefur setið í stjórn Eimskipafélags Íslands hf. frá árinu 2018. Á árunum

2012-2013 átti hún sæti í stjórnnum Framtakssjóðs Íslands slhf., Regins hf., Varðar trygginga hf., Varðar líftryggingar hf. og Mílu ehf. Guðrún var framkvæmdastjóri Nasdaq verðbréfamistöðvar hf. 2013-2018. Guðrún var kjörin varamaður í bankaráð í mars 2018 og aðalmaður í mars 2021.

Helgi Friðjón Arnarson **Bankaráðsmaður**

Helgi Friðjón Arnarson er fæddur árið 1957. Hann lauk cand.ocean. prófi frá Háskóla Íslands árið 1983 og hlaut löggildingu sem endurskoðandi 1987. Helgi starfaði sem löggiltur endurskoðandi og meðeigandi hjá KPMG á árunum 1984-2020, þar sem hlutverk hans var m.a. endurskoðun og önnur þjónusta við fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóði. Var hann endurskoðandi banka, sparisjóða, lífeyrissjóða og annarra aðila á fjármálamarkaði um langt árabil. Hann hefur einnig annast kennslu á námskeiðum hjá KPMG er varða endurskoðun og reikningsskil fjármálafyrirtækja og námskeið fyrir stjórnendur fjármálafyrirtækja vegna undirbúnings fyrir hæfismat fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Helgi er formaður endurskoðunarnefndar Nova Klúbbsins hf. Hann var kjörinn í bankaráð í mars 2021 og gegnir formennsku í Endurskoðunarnefnd.

Þorvaldur Jacobsen **Bankaráðsmaður**

Þorvaldur Jacobsen er fæddur árið 1963. Hann er framkvæmdastjóri kerfisstjórnunarviðs Landsnets. Þorvaldur lauk prófi í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1987 og prófi í tölvunarfræði frá sama skóla 1988. Þá lauk hann einnig meistaraþáttu í rafmagnsverkfræði frá Texas-háskóla í Austin 1990. Þorvaldur starfaði hjá Opnum kerfum sem sölustjóri á árunum 1990-1996 og sem sölu- og markaðsstjóri Teymis 1996-1999. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra Vísis.is ehf. 1999 og stýrði því félagi til ársins 2001. Þorvaldur starfaði um langt árabil hjá Nýherjasamstæðunni, fyrst sem framkvæmdastjóri samskiptalausna 2001-2005 og síðar framkvæmdastjóri kjarnalausna 2005-2008. Þá gegndi hann starfi forstjóra Dansupport A/S (dótturfélags Nýherja í Danmörku) um hálf árs skeið 2007-2008, var framkvæmdastjóri hjá Skyggni 2009-2011, framkvæmdastjóri UAB Baltic IT Services 2010-2012 (dótturfélags Nýherja í Litháen) og loks framkvæmdastjóri rekstrarlausna hjá Nýherja 2011-2012. Þorvaldur var framkvæmdastjóri þróunarviðs VÍS á árunum 2012-2017 og starfaði hjá Valcon Consulting A/S á sviði rekstrarráðgjafar og breytingastjórnunar 2017-2019. Hann hefur setið í stjórnnum ýmissa félaga og félagasamtaka á sínu starfssviði. Þorvaldur var kjörinn varamaður í bankaráð í mars 2018 og aðalmaður í apríl 2019.

Varamenn

Sigríður Olgeirsdóttir **Varamaður**

Sigríður Olgeirsdóttir er fædd árið 1960. Sigríður lauk námi í kerfisfræði frá EDB-skólanum í Danmörku 1984, prófi í rekstrar- og viðskiptafræði frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 1991, MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík 2005 og AMP-gráðu frá Harvard Business School 2017. Hún hefur viðtæka stjórnunarreynslu á sviði upplýsingatækni og fjármálamarkaða. Hún var sviðsstjóri þjónustu hjá Völku ehf. á árunum 2019-2021, framkvæmdastjóri rekstrar- og upplýsingatækni-sviðs Íslandsbanka á árunum 2010-2019, forstjóri Humac ehf. með aðsetur á Íslandi 2007-2008, framkvæmdastjóri hjá Skiptum 2006-2008, framkvæmdastjóri Ax hugbúnaðarhúss 2001-2006, framkvæmdastjóri Ax Business Intelligence A/S í Danmörku 1999-2001 og framkvæmdastjóri og forstöðumaður hjá Tæknivali 1994-1999. Sigríður hefur setið í stjórnnum Pennans, Arion verðbréfavörslu, Reita, Auðkennis og Kerfis. Einnig sat hún í stjórn Sensa og var formaður endurskoðunarnefndar Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar. Sigríður hefur einnig setið í stjórnnum upplýsingatækni-fyrirtækja á Norðurlöndum. Hún er nú stjórnarformaður Nova klúbbsins hf. og situr einnig í stjórn

Íslandshótela hf., Fosshótela Reykjavík ehf. og Haga hf. Sigríður er jafnframt nefndarmaður í tilnefningarnefnd Sjónvát Almennra trygginga hf. Hún var kjörin varamaður í bankaráð í mars 2021.

Sigurður Jón Björnsson **Varamaður**

Sigurður Jón Björnsson er fæddur árið 1966. Hann lauk cand.oecon. prófi af reikningshalds- og fjármálasviði frá Háskóla Íslands árið 1994 og prófi í verðbréfavíðskiptum 2009. Að námi loknu starfaði hann sem aðstoðarsöluþjafi Íslensk Ameríska hf. 1995-1997. Þá gegndi hann störfum forstöðumanns fjármálasviðs, staðgengils framkvæmdastjóra og sérfræðings á sviði fjárfestinga hjá Framtæki fjárfestingarbanka hf. 1997-2003. Hann starfaði sem forstöðumaður hagdeildar Air Atlanta 2003-2006 og var fjármálastjóri og staðgengill framkvæmdastjóra fjármálasviðs Norðurláns 2006-2007. Hann var ráðgjafi í fyrirtækjaráðgjöf hjá Capacent árið 2007 og varð síðar eigandi hjá verðbréfafyrirtækinu Capacent fjárfestingarráðgjöf, síðar Centra fyrirtækjaráðgjöf hf. Samhliða ráðgjafarstörfum sinnti Sigurður hlutverki regluvarðar verðbréfafyrirtækisins. Sigurður gegndi starfi framkvæmdastjóra fjármála hjá Íbúðalánasjóði á árunum 2011-2017 og bar hann þar m.a. ábyrgð á áhættustýringu sjóðsins árin 2011-2015. Sigurður var stjórnarformaður tæknifyrirtækisins Betware á Íslandi frá stofnun félagsins árið 1998 allt til sölu þess til erlendra aðila 2014. Hann hefur einnig átt sæti í stjórnnum félaganna Stoða hf., Íslandsflugs hf., Landsafls hf., IMSI Inc. og SPC Holding AS. Sigurður var kjörinn varamaður í bankaráð í apríl 2019.

Nefndarmenn utan bankaráðs

Hjörleifur Pálsson **Nefndarmaður í Endurskoðunarnefnd bankaráðs**

Hjörleifur Pálsson er fæddur árið 1963. Hjörleifur lauk cand.oecon. prófi frá Háskóla Íslands árið 1988. Hann hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa 1989 og starfaði sem endurskoðandi til 2001. Hann var framkvæmdastjóri fjármálasviðs Össurar hf. 2001-2013. Frá 2013 hefur Hjörleifur setið í stjórnnum margskonar fyrirtækja og fjárfest í og stutt við nýsköpun. Í dag er hann stjórnarmaður, formaður endurskoðunarnefndar og í starfskjaranefnd alþjóðlega lyfjafyrirtækisins Lotus Pharmaceuticals & Co., Ltd. sem skráð er á hlutabréfamarkað í Taívan, í stjórn Ankra ehf. (Feel Iceland), í stjórn og formaður starfskjaranefndar Festi hf., í stjórn Brunns vaxtarsjóðs slhf. og í stjórn Brandr Global ehf. Hjörleifur er formaður tilnefningarnefndar Icelandair Group hf. og formaður endurskoðunarnefndar Hörpu tónlistarhúss ohf. Hjörleifur var um árabil formaður bæði stjórnar og háskólaráðs Háskólans í Reykjavík ehf. og er meðal annars fyrrverandi stjórnarformaður Sýnar hf. Hann tók sæti í Endurskoðunarnefnd bankaráðs í maí 2019.

12. Upplýsingar um hvaða stjórnarmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum

Aðal- og varamenn í bankaráði eiga ekki hlut í Landsbankanum, hvorki beint né í gegnum tengda aðila. Aðal- og varamenn eru jafnframt óháðir bankanum og stórum hluthöfum. Þeir hafa engin hagsmunatengsl við helstu viðskipta- og samkeppnisaðila félagsins, önnur en fram koma í 11. gr. yfirlýsingarinnar, eða við stóra hluthafa í bankanum.

13. Helstu þættir í árangursmati bankaráðs

Árangursmat bankaráðs fór fram í desember 2023 og janúar 2024. Skoðað var hvernig til tókst með verkefni bankaráðs á árinu 2023. Einnig var lagt mat á upplýsingagjöf, stefnumótun og framtíðarsýn, frammistöðu bankaráðsmanna, skoðanaskipti og skilvirkni funda, starf undirnefnda bankaráðs og frammistöðu formanns.

14. Upplýsingar um bankastjóra og lýsing á helstu skyldum hennar

Lilja Björk Einarsdóttir tók við starfi bankastjóra Landsbankans hf. þann 15. mars 2017.

Lilja er véla- og iðnaðarverkfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1998 og lauk meistaraþrófi í fjármálaverkfræði frá Michigan-háskóla í Ann Arbor í Bandaríkjunum árið 2003. Á árunum 2008-2016 stýrði Lilja starfsemi, eignaumsýslu og endurheimt eigna gamla Landsbanka Íslands, LBI ehf., í London. Hún var sjálfstætt starfandi ráðgjafi og stjórnarmaður í fyrirtækjum frá 2016 þar til hún tók við starfi bankastjóra Landsbankans. Á árunum 2005-2008 var hún sérfræðingur og síðar framkvæmdastjóri hjá Landsbanka Íslands hf. í London og bar m.a. ábyrgð á daglegum rekstri og uppbyggingu stoðeilda. Áður vann Lilja hjá ráðgjafarfyrirtækinu Marsh & McLennan 2003-2005 og vann m.a. verkefni fyrir Ford-bílaframleiðandann, sem sérfræðingur í gerð áætlana og áhættulíkana fyrir váttryggingarsvið og fjárstýringu. Lilja á sæti í stjórn Samtaka fjármálafyrirtækja, stjórn Samtaka atvinnulífsins og stjórn Viðskiptaráðs Íslands.

Lilja á ekki hlut í bankanum og þá eru ekki til staðar nein hagsmunatengsl milli hennar og helstu viðskipta- og samkeppnisaðila félagsins eða stórra hluthafa í félaginu.

Bankastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum, samþykktum bankans eða ákvörðunum bankaráðs. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur bankastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild bankaráðs. Bankastjóri skal sjá til þess að rekstur bankans sé samkvæmt lögum, reglugerðum, samþykktum og ákvörðunum bankaráðs. Hún skal sjá til þess að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Bankastjóri er talsmaður bankans um öll rekstrarleg og viðskiptaleg málefni.

15. Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Ekki komu fram athugasemdir frá eftirlitsaðilum á árinu 2023 um brot á lögum eða reglum sem höfðu í för með sér viðurlög.

Upplýsingar um helstu dómsmál tengd Landsbankanum er að finna í skýringum með ársreikningi samstæðu bankans.

16. Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Hluthafar í Landsbankanum voru 849 talsins í árslok 2023. Bankaráð hefur samskipti við hluthafa í samræmi við lög, samþykktir bankans og starfsreglur bankaráðs. Formaður bankaráðs stýrir samskiptum bankaráðs við hluthafa. Bankaráðsmönnum ber í störfum sínum og við ákvarðanatöku að starfa með hagsmunum bankans og allra hluthafa að leiðarljósi samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og annarra reglna og fyrirmæla sem gilda um starfsemi bankans.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi var yfirfarin og samþykkt af bankaráði Landsbankans á fundi 18. janúar 2024.